

um frv. til l. um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar á nokkrum fundum og leitað um það umsagnar ýmissa aðila. Hafa svör borizt frá Fiskmatsráði, fiskmatsstjóra, Sölu-sambandi íslenzkra saltfisksframleiðenda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna og sjávarafurðadeild Sambands íslenzkra samvinnufélaga. Auk þessa hafa formaður Fiskmatsráðs, dr. Þórður Þorbjarnarson, Bergsteinn Á. Bergsteinsson fiskmatsstjóri og Sigurður Haraldsson framkvæmdastjóri hjá Ferskfiskeftirlitinu komið á fund nefndarinnar og rætt við hana bæði heildarstefnu frv. og einstakar greinar þess. Hefur verið mikil stoð að samvinnunni við alla þessa aðila, þótt hitt verði að játa, að ekki gengu allar leiðbeiningar þeirra í eina átt.

Niðurstaðan af starfi nefndarinnar er sú, að hún mælir með samþykkt frv. með smávægilegum breytingum. Sumar brtt. (sjá 9. og 13. gr.) varða ekki efni málsins, heldur aðeins það, að nefndinni finnst eðlilegra, að um þessi atriði sé fjallað í reglugerð. — Þá telur nefndin eðlilegt, að yfirfiskmatsmenn verði ráðnir, eins og verið hefur til þessa, sbr. 8. gr. Enn fremur vill meiri hl. nefndarinnar, að leitað sé umsagnar nefndar þeirrar, sem 17. gr. frv. fjallar um, áður en fiskmatsstjóri eða deildarstjórar eru skipaðir eða yfirfiskmatsmenn ráðnir (sbr. 8. gr.). Einn nefndarmaður hefur þarna sérstöðu, sbr. það, sem segir hér á eftir um 17. gr. — Brtt. við 10. gr. frv. er aðeins ætlað að gera orðalagið ótvíræðara. Tilætlunin er að halda fast við þá skipun, sem verið hefur, að fastráðinn eftirlitsmaður ferskfisks- og freðfisksdeildar eigi heimtingu á sérstakri þóknun, ef hann starfar að mati á saltfiski eða skreið. — Brtt. við 6. gr. er aðeins smávægileg breyting á einu orði; líkt er að segja um fyrri brtt. við 13. gr. og brtt. við 16. gr. — Brtt. við 11. gr. er afleiðing brtt. við 8. gr.

Þá er ástæða til að minnst sérstaklega á 17. gr. frv. Meiri hl. Fiskmatsráðs, fiskmatsstjóri og SÍF hafa lagt til, að greinin verði felld niður, telja ráðgjafarnefnd þá, sem þar er gert ráð fyrir að gefa ráðherra heimild til að stofna, algerlega óþarfa, og fylgir einn nefndarmanna (JÁH) þeim að málum um það atriði. Mun hann flytja sérstaka brtt. um það efni og undirritar því nál. með fyrirvara. — LÍÚ lagði hins vegar til að gera ákvæði greinarinnar ákveðnara og mæla svo fyrir, að skipa skuli ráðgjafarnefndina. Hallast meiri hluti nefndarinnar að því, að þetta sé ráðlegra. Ástæðulaust er, að nokkur kostnaður að ráði verði af starfsemi nefndarinnar, þar sem hún mundi ekki þurfa að hittast nema örsjaldan á hverju ári, og hlyti þóknunin fyrir nefndarstörf að ákveðast í samræmi við það.

Meiri hl. Fiskmatsráðs hefur óskað að koma því á framfæri, að hann stóð einn að tillögum þeim til sjávarútvegsmálaráðherra, sem fylgt hefur verið í aðaldráttum við samningu frv. Minni hl. ráðsins, fiskmatsstjóri, skillaði séráliti. Enn fremur hefur meiri hl. ráðsins óskað að láta þess getið, að í greinargerð þess fyrir frv. var eftirfarandi athugasemd um fiskmatsstjórastarfið, sem ekki er endurtekin í athugasemdum ráðuneytisins við frv. það, sem hér liggur fyrir:

„Ef frumvarp það, sem hér um ræðir, nær fram að ganga, telur ráðið, að stefna beri að því, að í æðsta embætti Fiskmats ríkisins veljist maður með háskólamenntun í fiskiðnaði eða matvælaíðnfræði. Það telur þó ekki æskilegt að binda í lögum þær kröfur, sem gera ber til faglegrar menntunar og reynslu starfsmanna Fiskmats ríkisins, enda fari bezt á því, að þær séu skilgreindar með reglugerð, eins og lagt er til í 7. lið 3. greinar frumvarpsins.“

Með skirskotun til þess, sem að framan greinir — þ. á m. um fyrirvara JÁH — leyfir nefndin sér að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 6. gr., 3. tölulið. Í stað „Gæða- og stærðarflokkun“ komi: Gæðamat og stærðarflokkun.
2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:
Sjávarútvegsmálaráðherra skipar fiskmatsstjóra og deildarstjóra að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar þeirrar, sem um getur í 17. gr.
Fiskmatsstjóri ræður yfirfiskmatsmenn að fenginni umsögn ráðgjafarnefndarinnar.
Við skipun deildarstjóra og ráðningu annarra starfsmanna við Fiskmat ríkisins skal enn fremur leitað álits væntanlegs yfirmanns starfsmanns þess, sem hlut á að máli.
3. Við 9. gr. Orðin „Heimilt er að takmarka starfssvið“ í 3. mgr. til loka greinarinnar falli niður.
4. Við 10. gr.
 - a. Við 4. mgr. Í stað orðanna „Kaup fiskmatsmanna“ í upphafi málsgreinarinnar komi: Kaup saltfisk- og skreiðarmatsmanna.
 - b. Í lok greinarinnar bætist við ný mgr.:
Fiskmatsmenn, sem starfa við ferskfiskeftirlit, skulu vera ráðnir starfsmenn, og verða laun þeirra greidd samkvæmt samningi, sem við þá verður gerður.
5. Við 11. gr. Í stað orðanna „Fiskmatsstjóri, deildarstjórar og yfirfiskmatsmenn“ í upphafi greinarinnar komi: Fiskmatsstjóri og deildarstjórar.
6. Við 13. gr.
 - a. Í lok 2. mgr. bætist við: ef þau taka farm í fleiri höfnum en einni.
 - b. 3. og 4. mgr. falli niður.
7. Við 16. gr.
 - a. Á eftir orðunum „Nú er“ í upphafi gr. bætist við: fersksíld.
 - b. Í stað orðanna „og skal þá sýnishornatakan“ til loka greinarinnar komi: og skal þá fiskmatsstjóri fela fiskmatsmanni að framkvæma sýnishornatöku samkvæmt fyrirmælum rannsóknaraðila.
8. Við 17. gr. Í stað orðanna „Sjávarútvegsmálaráðherra getur skipað“ í upphafi greinarinnar komi: Sjávarútvegsmálaráðherra skipar.

Þess skal getið, að einn nefndarmanna, GilsG, var fjarstaddur við endanlega afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 8. apríl 1968.

Pétur Benediktsson,	Jón Árm. Héðinsson,	Sveinn Guðmundsson.
form., frsm.	fundaskr., með fyrirvara.	
Bjarni Guðbjörnsson.	Jón Árnason.	Ólafur Jóhannesson.